

Ed. 223. Frumvarp til laga [103. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litla-Gerði í Grýtubakkahreppi.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Karl Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Skírni Jónssyni, bónda að Skarði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, eyðijörðina Litla-Gerði í sama hreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk bóndans að Skarði í Grýtubakkahreppi, Skírnis Jónssonar. Skarð er næsti bær við Litla-Gerði, sem hefur verið í eyði í mörg ár. Talið er, að þar séu svo fáskrúðug búskaparskilyrði, að jörðin muni ekki byggjast aftur. Hins vegar liggur vel við að nytja landið með Skarðslandi og afgirða löndin saman. Að Skarði býr ungur og atorkusamur bóndi, sem er að færa út kviarnar með sauðfjárbústækkun og byggingum í því sambandi.